

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 4. júní 2019 í máli nr. E-1188/2018:

J.H. vinnuvélar ehf.

(Björn Jóhannesson lögmaður)

gegn

Læknafélagi Íslands

(Dögg Pálsdóttir lögmaður)

Mál þetta var höfðað 24. nóvember 2018 og dómtekið 10. maí 2019. Stefnandi er J.H. vinnuvélar ehf., Efri-Brekku, Bláskógabyggð. Stefndi er Læknafélag Íslands, Hlíðasmára 8, Kópavogi, vegna orlofssjóðs lækna.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.675.212 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 614.950 krónum frá 10. janúar 2015 til 10. febrúar 2015, en af 1.183.056 krónum frá 10. febrúar 2015 til 12. maí 2016, en af 1.675.212 krónum frá 12. maí 2016 til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. janúar 2016, en síðan árlega miðað við gjalddaga kröfunnar, allt í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá er gerð krafa um málskostnað.

I.

Ágreiningur er um málsatvik. Stefndi, Læknafélag Íslands, rekur orlofssjóð sem á þrjú orlofshús í Brekkuskógi í Bláskógabyggð, sem leigð eru út til félagsmanna. Stefnandi, JH vinnuvélar ehf., er vinnuvélafyrirtæki í eigu Jóhannesar Helgasonar, Brekku í Bláskógabyggð, en fyrirtækið sinnir ýmsum verkefnum, s.s. jarðvinnu og snjómokstri. Jóhannes er jafnframt fyrirsvarsmaður Brekkuheiði ehf., sem gerði, sem leigusali, samning við stefnda um leigu frístundalóða í Brekkuheiði í Bláskógabyggð, dags. 9. júní 2006, til 25 ára.

Stefnandi heldur því fram að í desember 2014 og janúar 2015 hafi stefndi óskað eftir því við fyrirsvarsmann stefnanda að hann annaðist snjómokstur heim að orlofshúsum stefnda í Brekkuskógi svo og að plön framan við húsin yrðu mokuð þannig að gestir húsanna ættu greiða leið heim að þeim. Fyrirsvarsmaður stefnanda hafi orðið við þessum beiðnum og sinnt umbeðnum verkum. Í desember 2014 hafi

fyrirsvarsmáður stefnanda farið alls sjö sinnum og hreinsað snjó af vegum heim að húsunum svo og af plönnum framan við hús stefnda í Brekkuskógi.

Í janúar 2015 hafi fyrirsvarsmáður stefnanda farið alls sex sinnum til þessara sömu verka fyrir stefnda. Auk þess hafi fyrirsvarsmáður stefnanda að beiðni stefnda farið og sett hálkuvörn heim að húsunum. Jafnframt hafi fyrirsvarsmáður stefnanda verið beiðinn hinn 29. janúar 2015 af starfsmanni stefnda að draga upp bifreið félagsmanns stefnda sem hafi verið á leið í húsín, en bifreiðin hafi farið út af veginum og setið föst utan vegar.

Þá heldur stefnandi því fram að á tímabilinu 3. febrúar 2016 til 1. apríl 2016 hafi stefndi beiðt stefnanda að annast snjómokstur heim að húsum stefnda í Brekkuskógi. Stefnandi hafi farið alls fimm sinnum á fyrrgreindu tímabili og mokað heim að öllum húsum stefnda og hreinsað snjó af plönnum við húsín. Á þessu tímabili hafi stefnandi einnig unnið við snjómokstur á stofnvegum í sumarbústaðahverfinu og hafi þeim kostnaði verið skipt þannig að hluti þeirrar vinnu hafi komið í hlut stefnda.

Stefnandi sendi stefnda þrjá reikninga vegna framagreindra verka, sem stefndi hefur mótmælt. Í fyrsta lagi er um að ræða reikning með gjalddaga 31. desember 2014, vegna snjómoksturs og hálkuvagnar í Brekkuskógi í desember 2014, að fjárhæð 614.950 krónur. Í öðru lagi reikning með gjalddaga 31. janúar 2015, vegna snjómoksturs í janúar 2015 og fyrir að draga bíl, að fjárhæð 568.106 krónur. Í þriðja lagi reikning með gjalddaga 2. maí 2016, fyrir snjómokstur í febrúar, mars og apríl 2015, að fjárhæð 492.156 krónur.

Stefndi segir að það hafi verið skilningur stefnda og fleiri leigutaka á svæðinu að í viðhaldi vega, sem leigusali hafi átt að annast samkvæmt leigusamningi aðila, hafi falist snjómokstur. Ekki hafi verið innheimt fyrir snjómokstur fyrr en reikningur barst frá stefnanda í byrjun árs 2015, eftir að ágreiningur kom upp um uppsögn stefnda í desember 2014 á munnlegum samningi við Brekkuheiði ehf. um umsjón með orlofshúsum stefnda, en fyrirsvarsmáður Brekkuheiði ehf. sé jafnframt fyrirsvarsmáður stefnanda, J.H. vinnuvéla ehf. Fyrirsvarsmáður félaganna hafi verið ósáttur við uppsögnina og mótmælt henni. Algjör viðsnúningur hafi orðið í samskiptum við hann eftir að stefndi sagði upp samningnum.

Stefndi kveður að fyrsti reikningur stefnanda sé fyrir tímabil þar sem aldrei hafi verið beiðt um snjómokstur. Annar reikningurinn sé einnig fyrir mokstur sem aldrei hafi verið beiðt um og búið hafi verið að gefa skýr fyrirmæli um að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni. Þriðji reikningurinn byggist heldur ekki á formlegum beiðnum stefnda þar sem fyrirspurnum hans hafi aldrei verið svarað og hann þannig aldrei gefið endanlegt samþykki fyrir því að vinnan yrði innt af hendi.

II.

Krafa stefnanda í málinu grundvallast á þremur reikningum sem stefnandi gaf út á hendur stefnda í desember 2014, janúar 2015 og maí 2016 vegna vinnu við snjómokstur, hálkuvörn o.fl. vegna orlofshúsa stefnda í Brekkuskógi. Umrædd verk hafi verið unnin að beiðni stefnda og í hans þágu.

Stefnandi byggir á því að hann hafi unnið umrædd verk fyrir stefnda og hafi verið samið um að greitt yrði fyrir þessi verk í tímavinnu. Tímafjöldi og tímagjald hafi verið skráð á hvern reikning fyrir sig auk þess sem sérstaklega hafi verið tilgreint á reikningunum á hvaða dögum viðkomandi verk hafi verið unnin. Eins og fyrirbyggjandi reikningar gefi til kynna hafi almennt tímagjald stefnanda fyrir starfsmann og vinnuvél verið 18.900 krónur á klukkustund, auk virðisaukaskatts. Alla jafnan hafi farið þrjár klukkustundir í hvert sinn í hreinsun vega og plana heim að öllum sumarhúsum stefnda.

Stefnandi hafnar alfarið athugasemdum stefnda við reikningana. Stefnandi telur fráleitt að halda því fram að stefnandi hafi annast þau verk sem hér um ræðir án þess að beiðni um slíkt hafi komið fram af hálfu stefnda. Þá telur stefnandi að tímagjald og unnar vinnustundir séu í alla staði eðlilegar og engu ofaukið í þeim efnum. Öllum staðhæfingum stefnda í þá veru sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið telur stefnandi að ekkert sé fram komið í málinu sem gefi stefnda tilefni til að neita ótvíræðri greiðsluskyldu sinni á þeim reikningum stefnanda sem séu ógreiddir og stefnukröfurnar taki til.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á grundvallarreglum samninga- og kröfuréttarins um skuldbindingargildi samninga og um efndir loforða. Stefnandi vísar til þess að hann hafi verið beðinn um það af stefnda að vinna þau verk sem tilgreind eru í þeim reikningum sem eru grundvöllur að kröfu stefnanda í málinu og að reikningarnir séu í alla staði sanngjarnir og eðlilegir í ljósi þeirrar vinnu sem unnin var að beiðni stefnda.

Dráttarvaxta er krafist af ógreiddum reikningum frá eindaga þeirra, sem var 10 dögum eftir útgáfudag reikninganna.

Um lagarök vísar stefnandi til grundvallarreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og um efndir loforða. Þá er einnig vísað til ákvæða laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, einkum til 45. gr. laganna. Einnig er vísað til þeirrar meginreglu sem fram kemur í 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Þá vísar stefnandi til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu vegna dráttarvaxtakröfu sinnar.

Krafa um málskostnað er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. laganna.

III.

Stefndi byggir aðalkröfu sína um sýknu á því að fram að útgáfu fyrsta reiknings stefnanda hafi landeigandi aldrei svo að stefnda sé kunnugt um rukkað lóðaleigutaka, hvorki stefnda né aðra, fyrir snjómokstur eða hálkuvörn á svæðinu. Ekkert samningssamband hafi því verið milli málsaðila um að stefnandi annaðist snjómokstur fyrir stefnda eða aðra lóðaleigutaka. Stefndi hafi talið, líkt og aðrir lóðaleigutakar, að snjómokstur og hálkuvörn væri innifalin í viðhaldsgjaldi því sem innheimt hafi verið með grunngreiðslunni, sem innt hafi verið af hendi við gerð lóðaleigusamninganna við landeiganda. Fyrirsvarsmaður stefnanda hafi ekki sent lóðaleigutökum tilkynningu um breytt fyrirkomulag snjómoksturs og ekki gert þeim aðvart um að hann sem landeigandi hefði falið sjálfum sér sem fyrirsvarsmanni stefnanda að hefja innheimtu hjá lóðaleigutökum fyrir snjómokstur á svæðinu frá og með desember 2014. Stefndi hafi tekið einhliða ákvörðun um þann snjómokstur sem hann krefur stefnda um greiðslu fyrir í desember 2014 og enginn samningur hafði verið gerður milli aðila um slíka þjónustu, hvorki formlegur né óformlegur.

Stefndi hafi þar að auki enga skýringu gefið á því af hverju hann hafi mokað og/eða hálkuvárið í desember 2014 þar sem engir leigutakar hafi verið í orlofshúsum stefnda. Stefndi krefjist þar með greiðslu fyrir tilefnislausan snjómokstur. Fyrirsvarsmaður stefnanda hafi þó ennþá í desember 2014 verið umsjónarmaður stefnda á svæðinu og því vitað manna best hvaða orlofshús stefnda hafi verið í útleigu.

Af þessum ástæðum telur stefndi að krafa stefnanda um snjómokstur í desember 2014 eigi sér enga stoð. Ekkert samningssamband hafi myndast milli aðila fyrir þeirri þjónustu sem stefndi innheimtir fyrir. Því beri að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um greiðslu þess reiknings.

Þá byggir stefndi á því að eftir að í ljós hafi komið að landeigandi, sem fyrirsvarsmaður stefnanda, væri að krefja um greiðslu fyrir snjómokstur, sem aldrei hafi áður verið innheimt fyrir og enginn samningur hafði verið gerður um, hafi stefndi sent skýra tilkynningu til stefnanda um að engan snjómokstur skyldi framkvæma án beiðni frá stefnda eða umsjónarmanni hans.

Stefndi byggir því sýknukröfu sína einnig á því að stefndi eigi engar lögvarðar kröfur á hendur stefnda vegna þeirra verka sem reikningarnir krefja um greiðslu fyrir í janúar til apríl 2015.

Stefndi kannist ekki við að hafa gert samkomulag við stefnanda, hvorki um framkvæmd né greiðslu neinna þeirra verka sem innheimt sé fyrir á hinum umþrættu reikningum fyrir það tímabil. Í tvígang hafi af hálfu stefnda verið óskað eftir tilboðum í snjómokstur, 19. febrúar og 26. mars. Í hvorugt skiptið hafi náðst endanlegt samkomulag um verkin. Í öll skiptin sem stefndi hafi mokað snjó eða hálkuvárið á þessu tímabili hafi verkin verið óumbeðinn erindrekstur af hálfu stefnanda. Á slíkum

óbeðnum erindrekstri geti stefndi enga ábyrgð borið. Stefnandi geti ekki krafist hann um greiðslu fyrir slík verk þar sem þau byggist ekki á fyrirframgerðu samkomulagi, eins og gjaldtaka af þessu tagi hljóti að þurfa að gera.

Stefndi telur að stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að stefndi hafi óskað eftir þeirri þjónustu sem stefnandi sé að krefja hann um greiðslu fyrir og að samkomulag hafi náðst um verkin. Stefnandi hafi engin slík gögn lagt fram. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda samkvæmt reikningum fyrir snjómokstur í janúar 2015 annars vegar og febrúar til apríl s.á. hins vegar.

Stefndi byggir einnig á því að í þeim samskiptum sem stefndi hafi í tvö skipti átt við fyrirvarsmann stefnanda þá hafi þau verið við hann sem fyrirvarsmann Brekkuheiði ehf., en ekki sem fyrirvarsmann JH vinnuvéla ehf. Stefnandi hafi ekki verið að leita eftir þjónustu stefnanda, JH vinnuvéla ehf., í þeim samskiptum. Stefnandi kannist ekki við að hafa nokkru sinni leitað til stefnanda um þjónustu vegna snjómoksturs.

Stefndi byggir einnig á því að stefnandi hafi ekki valið að nota hagkvæmstu tæki til hinna óumbeðnu verka. Auk þess telur stefndi þann tíma, sem stefnandi heldur fram að verkin hafi tekið, hafa verið verulega of mikinn í ljósi umfangs verksins hverju sinni. Í því sambandi megi benda á að stór hluti leiðarinnar að orlofshúsum stefnda að Vallárvegi 1 og 7 liggi gegnum orlofshúsasvæði BHM sem sé alltaf mokað um hverja helgi, á föstudögum og sunnudögum, um vetur, af öðrum aðila en stefnanda.

Loks byggir stefndi á því að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti við innheimtu þessara reikninga að það eigi að varða sýknu. Frá útgáfu fyrsta reiknings hafi legið fyrir að verulegur ágreiningur sé milli málsaðila um greiðsluskyldu stefnda. Stefnandi hafi margsinnis kallað eftir því að á ágreininginn yrði látið reyna fyrir dómi. Þrátt fyrir þetta sé það ekki fyrr en örfáum vikum áður en fyrsti reikningurinn fyrnist að mál þetta hafi loksins verið höfðað. Þetta tómlæti stefnanda eigi að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnanda. Stefnandi telur því reikninga stefnanda vera með öllu tilhæfulausa og því beri að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um greiðslu þeirra allra.

Hvað varðar einstaka reikninga stefnanda byggir stefndi á eftirfarandi:

Reikningur nr. 101021 hafi verið gefinn út 31. desember 2014, með eindaga 10. janúar 2015. Með reikningnum sé stefndi krafinn um 614.950 krónur sem séu sagðar vera hlutur stefnda í snjómokstri og hálkuvörn í Brekkuskógi. Ekkert tímabil sé tilgreint á reikningnum en síðar send sundurliðun sem segi að um sé að ræða vetrarþjónustu í desember 2014. Í stefnu segi ranglega að stefnandi hafi óskað eftir þeim snjómokstri og þeirri hálkuvörn sem reikningurinn innheimtir fyrir. Engin sundurliðun hafi fylgt reikningnum þegar hann hafi borist til stefnda í byrjun janúar

2015. Sundurliðun hafi borist um síðir eftir ítrekaðar óskir af hálfu stefnda. Sundurliðunin sýni að stefnandi hafi að eigin frumkvæði og óumbeðið ýmist mokað og/eða hálkuvárið leið að öllum þremur orlofshúsum stefnda ásamt bílplönunum í samtals í níu skipti í desember 2014. Ekkert sambengi sé milli tímasetningar snjómokstra og leigutímabila hjá stefnda, eins og samanburður á notkunaryfirliti orlofshúsanna í desember 2014 og sundurliðuninni sýni, samanber eftirfarandi:

- a) 5. og 7. desember 2015. Sundurliðun stefnanda á reikningnum segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að einungis Vallárvegur 1 hafi verið í útleigu þessa helgi. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri.
- b) 12. desember 2014. Sundurliðun stefnanda á reikningnum segi: „Hálkuvörn að öllum húsum og plön.“ Notkunaryfirlit sýni að einungis Vallárvegur 1 hafi verið í útleigu þessa helgi. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessari hálkuvörn.
- c) 19. desember 2014. Sundurliðun stefnanda á reikningnum segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að ekkert húsanna hafi verið í útleigu þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri.
- d) 21. desember 2014. Sundurliðun stefnanda á reikningnum segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að ekkert húsanna hafi verið í útleigu þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri.
- e) 23. desember 2014. Sundurliðun stefnanda á reikningnum segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön“ og „Hálkuvörn að öllum húsum og plön.“ Notkunaryfirlit sýni að ekkert húsanna hafi verið í útleigu þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri og þessari hálkuvörn.
- f) 26. desember 2014. Sundurliðun stefnanda á reikningnum segir: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Einungis tvö af þremur húsum hafi verið í útleigu þennan dag en stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri.
- g) 28. desember 2014. Sundurliðun stefnanda á reikningnum segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Einungis tvö af þremur húsum hafi verið í útleigu þessa helgi. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri.

Reikningur nr. 101064 hafi verið gefinn út 31. janúar 2015 og stefndi krafinn um 568.106 krónur fyrir snjómokstur að orlofshúsum á Brekku. Í stefnu segi ranglega að stefndi hafi óskað eftir því við forsvarsmann stefnanda að hann annaðist þann snjómokstur og þá hálkuvörn sem reikningurinn innheimtir fyrir.

Reikningurinn sé sundurliðaður og komi þar fram að alls sé um að ræða sex skipti sem stefnandi segist hafa farið og mokað að húsum stefnda og öll bílaplön við húsin. Sjöunda skiptið hafi verið útkall af hálfu einstaklinga sem sögðust vera á leið í eitt orlofshúsa stefnda. Í stefnu segi ranglega að umsjónarmaður stefnda hafi óskað eftir aðstoðinni við þessa einstaklinga. Í reikningnum sjálfum segi að það hafi verið einstaklingar í vanda sem hafi hringt, ekki umsjónarmaður stefnda. Forsvarsmanni stefnanda hafi hinn 16. janúar 2015 verið sent tölvubréf með ítrekun um að moka ekki upp að orlofshúsum stefnda nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns hans. Það hafi verið áréttning á símtölum við Jóhannes strax eftir að fyrsti reikningurinn hafi borist, eða í kringum 9. janúar 2015, því að þann dag hafi starfsmaður stefnda sent tölvubréf með fyrirspurn um reikninginn fyrir desember.

Samanburður á reikningnum og notkunaryfirliti orlofshúsa stefnda í janúar 2015 sýni eftirfarandi:

- a) 4. janúar 2015. Á reikningi segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að ekkert húsanna hafi verið í útleigu þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri.
- b) 8. janúar 2015. Á reikningi segi: „Mokað að öllum húsum.“ Notkunaryfirlit sýni að ekkert húsanna hafi verið í útleigu þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri.
- c) 9. janúar 2015. Á reikningi segi: „Mokað að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að tvö orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.
- d) 11. janúar 2015. Á reikningi segi: „Mokað að öllum húsum.“ Notkunaryfirlit sýni að tvö orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.
- e) 16. janúar 2015. Á reikningi segi: „Mokað að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að tvö orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og áréttu með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.
- f) 25. janúar 2015. Á reikningi segi: „Mokað að Brekkuheiði 29.“ Notkunaryfirlit sýni að Brekkuheiði 29 haf verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi

verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og áréttta með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

g) 29. janúar 2015. Á reikningi segi: „Útkall á fimmtudagskvöldi að draga bíl sem var að fara í Brekkuheiði 29, Magnús eftirlitsmaður sagði fólkinu að hringja í Jóhannes.“ Samkvæmt notkunaryfirliti hafi Brekkuheiði 29 verið í útleigu þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og áréttta með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns. Engar upplýsingar liggi fyrir um hvað þarna eigi að hafa átt sér stað, hvað þá hvernig það tengist stefnda. Svo virðist sem stefnandi hafi komið einstaklingum í ógöngum til bjargar og talið sér heimilt án fyrirfram samþykkis stefnda að gera það á kostnað stefnda. Stefndi telur að hafi einhver þjónusta verið innt af hendi af hálfu stefnanda umrætt kvöld þá hafi átt að beina kostnaði vegna þeirrar þjónustu að þeim sem óskuðu eftir þjónustunni. Skipti engu þótt umsjónarmaður stefnda hafi mögulega bent því á að hafa samband við stefnanda. Í því hafi ekki falist formleg beiðni um aðstoð á kostnað stefnda.

Reikningur nr. 101167 hafi verið gefinn út 2. maí 2016 og stefndi krafinn um 492.156 krónur fyrir snjómokstur að orlofshúsum á Brekku tímabilið 3. febrúar til 1. apríl. Þótt ártalið komi ekki fram þá sé hér um að ræða árið 2015 og reikningur af óskýrðum ástæðum gefinn út rúmu ári síðar. Í stefnu sé því ranglega haldið fram að þetta hafi verið snjómokstur 2016, en það standist ekki.

Reikningurinn sé sundurliðaður og komi fram að alls sé um að ræða ellefu skipti sem stefnandi segist hafa farið og mokað og/eða hálkuvárið. Í fimm skipti sé um að ræða snjómokstur að öllum húsum og öll plön orlofshúsa stefnda. Í sex skipti sé innheimt fyrir hlut stefnda í mokstri á stofnbrautum. Aldrei komi fram hver biðji um snjómokstur stofnbrauta. Skorað sé á stefnanda að leggja fram afrit reikninga til annarra lóðaleigutaka um að þeir hafi fengið sambærilega innheimtu fyrir hlutdeild sína í mokstri stofnbrauta á þessu tímabili. Stefndi telur fráleitt að stefnandi geti einhliða búið til útgjöld fyrir lóðaleigutaka á svæðinu með því að moka það án þess að nokkur aðili biðji um það. Stefndi árétttar að 16. janúar s.á. hafi forsvarsmanni stefnanda, Jóhannesi, verið send með tölvubréfi ítrekun um að moka ekki upp að húsum stefnda nema samkvæmt sérstakri beiðni þess efnis.

Samanburður á sundurliðun og notkunaryfirliti orlofshúsa stefnda sýni eftirfarandi:

a) 3. febrúar 2015. Á reikningi segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að öll orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og áréttá með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

b) 5. febrúar 2015. Á reikningi segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að engin orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og áréttá með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

c) 13. febrúar 2015. Á reikningi segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að öll orlofshúsin hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og áréttá með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

d) 19. febrúar 2015. Á reikningi segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að eitt orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi hafi sent stefnanda tölvupóst þennan dag og óskað eftir að mokað yrði að húsunum og fast verð sent. Stefnandi hafi ekki svarað tölvupóstinum. Stefndi telur því að samkomulag hafi ekki náðst milli aðila um snjómokstur.

e) 22. febrúar 2015. Á reikningi segi: „Hlutur Læknafél í snjómokstri á stofnvegum.“ Notkunaryfirlit sýni að öll orlofshúsin hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og áréttá með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

f) 27. febrúar 2015. Á reikningi segi: „Hlutur Læknafél í snjómokstri á stofnvegum.“ Notkunaryfirlit sýni að eitt orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og áréttá með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

g) 6. mars 2016. Á reikningi segi: „Hlutur Læknafél í snjómokstri á stofnvegum.“ Notkunaryfirlit sýni að eitt orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á

Þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og árétta með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

h) 8. mars 2015. Á reikningi segi: „Hlutur Læknafél í snjómokstri á stofnvegum.“ Notkunaryfirlit sýni að eitt orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og árétta með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

i) 20. mars 2015. Á reikningi segi: „Hlutur Læknafél í snjómok. á stofnvegum.“ Notkunaryfirlit sýni að eitt orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Stefndi kannist ekki við að hafa óskað eftir þessum snjómokstri. Á þessum tíma hafi verið búið munnlega að tilkynna forsvarsmanni stefnanda og árétta með tölvubréfi að aldrei skyldi moka nema samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns.

j) 27. mars 2015. Á reikningi segi: „Hlutur Læknafél í snjómok. á stofnvegum.“ Notkunaryfirlit sýni að þetta hafi verið um páskana. Eitt orlofshúsanna hafi verið í notkun þennan dag. Starfsmaður stefnda hafi sent tölvubréf 26. mars og óskað eftir tilboði í mokstur vegna páskana. Svar hafi borist frá forsvarsmanni stefnanda án heildarkostnaðartölu. Með tölvubréfi 30. mars hafi verið áréttað að stefndi yrði að fá nánari upplýsingar um kostnað. Tölvubréfinu hafi aldrei verið svarað. Stefndi kannist því ekki við að samkomulag hafi náðst um þennan snjómokstur.

k) 1. apríl 2015. Á reikningi segi: „Mokstur að öllum húsum og öll plön.“ Notkunaryfirlit sýni að þetta hafi verið um páskana 2015. Öll orlofshúsin hafi verið í notkun þennan dag. Starfsmaður stefnda hafi sent tölvubréf 26. mars og óskað eftir tilboði í mokstur vegna páskana. Svar hafi borist frá forsvarsmanni stefnanda án heildarkostnaðartölu. Með tölvubréfi 30. mars hafi verið áréttað að stefndi yrði að fá nánari upplýsingar um kostnað. Tölvubréfinu hafi aldrei verið svarað. Stefndi kannist því ekki við að samkomulag hafi náðst um þennan snjómokstur.

Stefndi krefst þess því að verða sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu allra hinna þriggja umþrættu reikninga.

Varakrafa stefnda um að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar byggist á sömu rökum og sjónarmiðum og rakin hafa verið fyrir aðalkröfu hans að breyttu breytanda.

Um lagarök vísar stefndi til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar til stuðnings dómkröfum sínum. Þá vísar stefndi einnig til laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1036, einkum I. og III. kafla laganna. Loks er vísað til ákvæða laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og laga nr. 42/2000 um þjónustukaup að því leyti sem þau lög eiga við um samskipti málsaðila.

Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggist á lögum nr. 60/1988 þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefndi þessa máls sé ekki virðisaukaskattsskyldur og sé honum því nauðsynlegt að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnanda.

IV.

Í máli þessu krefst stefnandi, J.H. vinnuvélar ehf., þess að stefndi greiði stefnanda 1.675.212 krónur samkvæmt þremur reikningum. Í fyrsta lagi er um að ræða reikning með gjalddaga 31. desember 2014, vegna snjómoksturs og hálkuvagnar í Brekkuskógi í desember 2014, að fjárhæð 614.950 krónur. Í öðru lagi reikning með gjalddaga 31. janúar 2015, vegna snjómoksturs í janúar 2015 og fyrir að draga bíl, að fjárhæð 568.106 krónur. Í þriðja lagi reikning með gjalddaga 2. maí 2016, fyrir snjómokstur í febrúar, mars og apríl 2015, að fjárhæð 492.156 krónur.

Fyrirsvarsmaður stefnanda, Jóhannes Helgason, er jafnframt fyrirsvarsmaður Brekkuheiði ehf., sem er leigusali stefnda. Nánar tiltekið gerðu Brekkuheiði ehf. og stefndi hinn 9. júní 2006 með sér samning um leigu stefnda á frístundalóð til 25 ára. Samkvæmt 2. gr. samningsins greiðir leigutaki grunnleigugjald sem felur m.a. í sér lagningu vegar að lóðarmörkum leigutaka og viðhald hans á leigutímanum. Ákvæði þetta verður ekki skilið svo að allur snjómokstur sé innifalinn í leigugjaldinu.

Fyrir liggur að stefnandi gerði stefnda einn reikning á árinu 2008 vegna snjómoksturs, að fjárhæð 134.460 krónur, og annan reikning á árinu 2009, að fjárhæð 109.062 krónur. Vitnið Gunnar Ármannsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, kom fyrir dóm og greindi frá því að þegar framangreindur leigusamningur hafi verið gerður við Brekkuheiði ehf. hafi komið fram að leigusali myndi sjá um að hreinsa stofnbrautir en ræða þyrfti sérstaklega ef gera ætti meira en það. Vitnið sagði að reikningur frá árinu 2008 og 2009 hafi verið vegna óumbeðins verks af hálfu stefnanda en ákveðið hafi verið að greiða reikninginn þar sem um mokstur að húsunum sjálfum hafi verið að ræða. Það liggur fyrir að stefnandi gerði stefnda aldrei reikning fyrir snjómokstur á árunum 2010-2014, þrátt fyrir að hafa sinnt snjómokstri. Það var ekki fyrr en eftir að upp kom ágreiningur milli aðila í desember 2014, um uppsögn stefnda á munnlegu samkomulagi um umsjón fyrirsvarsmanns Brekkuheiði ehf. á orlofshúsunum sjálfum, sem stefnandi gerði kröfu um greiðslu á kostnaði vegna snjómoksturs og hálkuvörn í desember 2014. Enginn skriflegur samningur liggur fyrir

milli málsaðila um snjómokstur stefnanda fyrir stefnda og hefur stefnandi ekki sýnt fram á að stefndi hafi óskað eftir mokstri eða hálkuvörn í umrædd skipti. Í fjölmörgum tilvikum er um að ræða mokstur þegar hús stefnda voru ekki í útleigu og verður að telja afar ósennilegt að stefndi hafi beðið um mokstur í slíkum tilvikum. Þá liggur fyrir tölvuskeyti stefnda frá 16. janúar 2015 þar sem ítrekað var við stefnanda að einungis yrði mokað að húsum stefnda samkvæmt beiðni stefnda eða umsjónarmanns stefnda. Tölvuskeyti þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo að stefnandi hafi annast snjómokstur óumbeðinn og að hann ætti ekki að moka nema stefndi óskaði sérstaklega eftir því. Stefndi innti stefnanda eftir því með tölvuskeyti 19. febrúar 2015 hvort hann gæti mokað að húsum stefnda sama dag og sent stefnda fast verð fyrir það. Stefnandi svaraði ekki málaleitan stefnda og náðist þannig ekki samkomulag um að stefnandi annaðist snjómokstur þann dag. Samkvæmt minnispunktum stefnda leitaði stefndi eftir verði hjá stefnanda 25. mars 2015 í snjómokstur, en stefnandi vildi ekki gefa stefnda verðtilboð fyrr en eldri reikningar væru greiddir. Með tölvuskeyti degi síðar, 26. mars, óskaði stefndi eftir tilboði í snjómokstur og svaraði stefnandi að hægt væri að moka að húsunum og gjaldið væri 18.900 kr. á klukkustund, án vsk. Stefndi kvaðst þurfa að fá einhverjar hugmyndir um tímafjölda en stefnandi svaraði ekki þessari fyrirspurn stefnda. Hvað varðaði ógreidda reikninga sagði stefndi að viðræður væru í gangi vegna þeirra. Að þessu virtu er ekki unnt að líta svo á að komist hafi á samkomulag um snjómokstur þetta sinn. Þá getur stefnandi ekki átt kröfu á stefnda fyrir að aðstoða fólk við að draga bifreiðar nema hann sýni fram á að stefndi hafi óskað eftir slíkri þjónustu, en það hefur hann ekki gert. Á reikningi stefnanda kemur beinlínis fram að það hafi verið fólkíð í bifreiðinni sem hafði samband við fyrirvarsmann stefnanda. Samkvæmt öllu framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað sem er hæfilega ákveðinn, eftir umfangi málsins, 600.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Læknafélag Íslands, er sýkn af kröfu stefnanda, J.H. vinnuvéla ehf.

Stefnandi greiði stefnda 600.000 krónur í málskostnað.

Sandra Baldvinsdóttir